

Fimmtudaginn 8. desember 1983.

Nr. 182/1981. **Vinnustofan Klöpp h/f**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

**Volta h/f**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Fasteign. Hönnun. Gallar. Skaðabætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1981. Hann krefst þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda 10.289.40 krónur með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem kveðinn var upp með sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta niðurstöðu hans að því er varðar áfrýjanda, en um vexti fer eins og í dómsorði segir.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 15.000.00 krónur.

### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Vinnustofan Klöpp h/f, greiði stefnda, Volta h/f, 46.750.00 krónur með 46% ársvöxtum af 41.758.00 krónum frá 1. ágúst 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum af 46.750.00 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa

og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms gagnvart áfrýjanda skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. maí sl., hefur Valti h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. júní 1980, á hendur Vinnustofunni Klöpp h/f, Laugavegi 26, Reykjavík, og Byggingafélaginu Reyni h/f, Smiðjuvegi 18, Kópavogi, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 56.637.58 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. júní 1981 af kr. 50.647.58, en af kr. 56.637.58 frá þeim tíma til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þ. á m. verkfræðikostnaðar og matskostnaðar (sjá dóm skj. 22).

Þing er sótt í máli þessu f. h. stefnda Vinnustofunnar Klappar h/f og þær kröfur gerðar endanlega, að Vinnustofan verði aðeins dæmd til að greiða stefnanda, Volta h/f, kr. 10.289.40 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til greiðsludags og að stefnandi verði dæmdur til að greiða Vinnustofunni málskostnað að mati réttarins.

Þing er einnig sótt af hálfu stefnda Byggingafélagsins Reynis h/f og þær kröfur gerðar, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða því málskostnað að mati dómsins, þó ekki lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dómnum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefndi Vinnustofan Klöpp h/f gerði útboðs- og verklýsingu og teikningar af byggingu Volta h/f að Vatnagörðum 10 í Reykjavík. Útboðs- og verklýsingin liggur frammi á dskj. nr. 8, og hluti teikninga liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 9.

Á dskj. nr. 8 er í hluta 3.2.5. lýst frágangi á þaki. Þar er m. a. tekið fram í 6. lið, að loftræsting þaks sé sýnd á teikningum arkitekts. Á teikningum á dskj. nr. 9 kemur fram, að gert er ráð fyrir 7.5 cm glerullareinangrun í þakinu og síðan loftbili 2.5 cm ofan við einangrunina. Á tveimur teikninganna er loftstreymi inn í loftbilið táknað með örvum. Að sögn fyrirsvaramanna Vinnustofunnar var nauðsynlegt til að framkvæma þá útfærslu á loftræstingu þaks, sem fram kemur á teikningunum á dskj. nr. 9, að bora göt með vissu millibili á tréasa (2"×4"), sem setja átti ofan á járn-

bita, og einnig að setja raufar í klossana undir þakskeggi. Við útreikning verkfræðinga, sem starfa hjá stefndu Vinnustofu, á burðarþoli þessara undirstaða fyrir þakklæðningu var ekki gert ráð fyrir ofangreindum götum í ásana, þannig að nauðsynlegt hefði verið að treysta ásana, ef götin hefðu verið boruð.

Byggingafélagið Reynir h/f bauð í byggingu Volta h/f að Vatnagörðum 10 í Reykjavík, og þann 31. október 1978 var gerður verksamningur milli Volta h/f og byggingafélagsins um bygginguna. Verksamningurinn náði til byggingar hússins að fokheldu byggingarstigi, sem nánar er skilgreint í verklýsingu og útbodsgögnum. Vinnustofan Klöpp h/f hafði f. h. verkkaupa eftirlit með framkvæmd þessa hluta verksins. Volti h/f tók þó einangrun og frágang þaksins að innan að öðru leyti út úr verkinu og lét framkvæmda það á eigin vegum. Þessi atriði eru þó inni í útbods- og verklýsingu. Forsjármenn Vinnustofunnar Klappar h/f telja sig ekkert eftirlit hafa haft með þessum síðasta hluta verksins og hafi reyndar ekkert vitað um framkvæmd hans. Forsjármaður Byggingafélagsins Reynis h/f, Kristján Guðmundsson, var skrifaður byggingameistari að byggingunni, og stóð svo enn, þegar þessi síðastnefndi hluti verksins var framkvæmdur, en skv. framburðum hans hér fyrir dóminum og á skoðunarfundi matsmanna kom hann ekkert nálægt honum eða var til hans leitað varðandi eftirlit með þeirri framkvæmd. Þessum síðari hluta framkvæmdar við þakið var lokið í desember 1979. Í janúar 1980 fór að bera á leka úr þakinu í litlum mæli. Við nánari athugun kom í ljós, að þakið sjálfst lak ekki, heldur hafði gleymsst að loftræsa þakið með þeim afleiðingum m. a., að raki, sem myndaðist í þakinu, þéttist og lak niður í dropadali.

Volti h/f hafði nú samband við Vinnustofuna Klöpp h/f um leiðir til úrbóta. Töldu starfsmenn Vinnustofunnar vel framkvæmanlegt að gera úrbætur á þakinu alfarið innan frá með því að taka plötur og einangrun niður, festa trélista neðan á þakása og ganga síðan frá þakinu á nánar útfærðan hátt (sbr. dskj. nr. 16). Volti h/f virðist ekki hafa gert sig ánægðan með þessar tillögur og leitaði álitis Leifs Benediktssonar verkfræðings. Leifur skilaði álit 2. apríl 1980 (dskj. nr. 10), þar sem hann taldi m. a. nauðsynlegt að lyfta þakklæðningarlögnum frá þakásnum og koma þar fyrir grind. Þessi leið er til muna dýrari heldur en sú, er Vinnustofan Klöpp hafði lagt til. Volti h/f hafði leitað til beggja stefndu og óskað eftir því, að þeir tækju þátt í kostnaði við endurbætur þaksins. Samkomulag náðist ekki um það, og óskaði þá Volti h/f eftir dómkvaðningu matsmanna, sbr. dskj. nr. 4, og fór dómkvaðning fram 22. maí 1980, sjá dskj. nr. 3. Matsmenn skiluðu matsgerð 2. júní 1980 og gerðu þá m. a. ráð fyrir því, að nauðsynlegt væri að lyfta ytra byrði þaks, og mátu heildarkostnað við úrbætur gkr. 7.593.000, sjá dskj. nr. 11.

Á skoðunarfundi að Vatnagörðum 10, Reykjavík, 27. maí 1980 bóka matsmenn eftirfarandi: „Ljóst varð, að miðað við þann frágang, sem nú er á þakinu, er nær engin loftræsting í gegnum það ofan við einangrun eins og vera þarf. Á masoniti mátti sjá, að það hafði blotnað, en ekki virtist það hafa lagst mikið niður á milli ásanna. Aðilar voru sammála um, að leka hefði borið þannig að, að auðsætt væri, að um rakapéttingu hefði verið að ræða, en ekki leka í gegnum þekjuefnið.“

Í niðurstöðu matsmanna, sem fram kemur í matsgerð og þeir hafa staðfest fyrir dómi, segir:

„Niðurstöður matsmanna.“

Matsmenn eru þeirrar skoðunar, að núverandi frágangur þaksins sé í öllum meginatriðum í samræmi við teikningar og verklýsingu.

Eftir skoðun á þakinu eru matsmenn þeirrar skoðunar, að sums staðar á þakinu geti rigningarvatn komist niður úr þekjuefninu meðfram nögglum. Þetta kann að vera það lítið vatnsmagn, að þess yrði ekki vart inni. Með hliðsjón af matsbeiðni munum við ekki fjalla frekar um þetta atriði.

Í Byggingarsamþykkt Reykjavíkur, sem gildi til ársins 1979, segir m. a.:

„Öll þök skal loftræsa milli einangrunar og ystu klæðningar, og skal þverskurðarflatarmál loftrása vera 9—17 cm<sup>2</sup> á hvern m<sup>2</sup> loftflatar. Einnig skal ávalt setja gufupéttan pappa eða málmþynnur innan einangrunar í þökin, þar sem vænta má nokkurs loftrakastreymis gegnum einangrunina.“

Í Byggingarreglugerð, sem gildir hvarvetna á landinu, útgefin árið 1979, segir m. a.:

„7.5.12.3. Stærð útloftunarraufa séu 500—1500 mm<sup>2</sup> á hvern m<sup>2</sup> þaks. Neðri mörkin gilda, ef þak er klætt með borðum og undirlagspappa undir báruðum málmplötum. Efri mörkin gilda, ef þak er þéttklætt með rakaþolnum plötum með eða án undirlagspappa undir báruðum málmplötum eða fyrir pappaklædd þök. Útloftunarraufar skulu þannig úr garði gerðar, að ekki geti skafið snjó um þær inn undir þakið.“

Af þessu verður að ætla, að stærð útloftunarrofa eigi að vera 900—1500 mm<sup>2</sup> á hvern m<sup>2</sup> þaks eftir því, við hvora reglugerðina er stuðst.

Sé útloftun þvert í gegnum þakið (þ. e. a. s. út úr langhliðum þess) myndu op á lengdarmeter vera 80—130 cm<sup>2</sup> — eða rauf að endilöngu 0,8—1,3 cm breið.

Ef útloftun er aftur á móti eftir þakinu endilöngu, yrði op á hvern lengdarmeter gafls 160—270 cm<sup>2</sup> eða 1,6—2,7 cm breið rauf eftir stöfunum.

Hugsanlegt væri að stytta útloftunarleiðina, t. d. með því að gera loftop þvert yfir þakið um miðju þess. Þó þetta yrði gert, þyrfti að mati okkar að gera sérstakar ráðstafanir við gaflana til að hindra hugsanlegt snjófok inn á þakið.

Að öllu þessu athuguðu eru matsmenn þeirrar skoðunar, að best sé að loftræsta þakið milli langhliða og betrubæta vörn gegn rakastreymi með því að nota sérstaka málningu í loftum hússins.

Í stuttu máli hafa matsmenn gengið út frá eftirfarandi: Ytra byrði þaks yrði lyft um 6,5 cm. Þetta yrði gert með því, að allt járn yrði tekið af þakinu svo og pappi og masonite. Þá yrði vindpappi settur ofan við einangrun. Klossar um borð, 2,5 cm þykk, yrðu negldir ofna á þakása og þvínæst 4 cm þykkar lektur þar fyrir ofan, samsíða og fyrir ofan ásana. Ofan á þetta yrði sett masonite og asfaltpappi og þakjárníð því næst neglt á aftur. Hettur á göflum yrðu endurbeygðar og bætt við þær vegna vanhalda, en þær þvínæst festar á sama hátt og áður. Útloftun á norðurhlið yrði í gegnum stökk þann, sem er undir þakbrúninni, en á suðurhlið er gengið út frá gerð sérstaks stokks, sem á yrðu gerð loftop þakin finriðnu neti.

Eins og áður er sagt, er gengið út frá notkun sérstakrar málningar (þykk-húð) á loftin að innan.

Við metum kostnað við ofangreindar framkvæmdir á kr. 7.593.000 — Sjömilljónirfimmhundraðníufuogþrjúþúsundkrónur —“

Þrátt fyrir þetta tók Volti h/f þann kostinn að bjóða út viðgerð á þakinu eftir útboði, sem Vinnustofan Klöpp h/f hafði gert og miðað var við tillögur Vinnustofunnar, sbr. dskj. nr. 16. Endurbætur voru síðan unnar á þessum grundvelli skv. tilboði að upphæð gkr. 4.616.000. Forsjármenn Vinnustofunnar Klappar h/f rituðu Volta h/f bréf þann 20. maí 1980 (dskj. nr. 19), þar sem boðist var til að taka nokkurn þátt í kostnaði við endurbætur, ef það gæti stuðlað að lausn málsins. Auk þess hafði áður verið haldinn sáttafundur með Volta h/f og báðum stefndu. Þesar tilraunir munu ekki hafa leitt til satta um lausn málsins, fyrst og fremst vegna afstöðu Byggingafélagsins Reynis h/f.

Volti sundurliðar kröfur sínar þannig, sbr. dóm skj. 22:

Viðgerðarkostnaður skv. dóm skj. 23 .....	kr. 50.647.58
Áætlaður kostnaður við lokafrágang .....	— 5.990.00
Samtals nemi því kostnaður stefnanda .....	kr. 56.637.58

Verkfræðikostnaðar og matskostnaðar, sbr. dóm skj. 23, er krafist með málskostnaði.

Af hálfu Volta h/f er málshöfðunin byggð á því, að ástæður fyrir göllunum á þakinu megi rekja til margra samverkandi þátta, svo sem að teikning Vinnustofunnar Klappar h/f sé mjög óskýr og óljós. Verklýsing þeirra vísi til mjög óljósra teikninga. Verktakinn, Byggingafélagið Reynir h/f, geri síðan engar athugasemdir við óljósar teikningar þrátt fyrir yfirlýsingu í

verklýsingu um teikningar af loftræsingu þaks, en sem góðir og gegnir byggingamenn hefðu þeir átt að sjá þennan galla á teikningunni. Þessir aðiljar séu því sameiginlega ábyrgir gagnvart sér vegna galla þaksins.

Af hálfu Vinnustofunnar Klappar h/f er viðurkennt, að misræmis og ónákvæmni hafi gætt í útboðsgögnum að því er varði loftræsingu þaksins. Af þeirra hálfu er hins vegar talið ljóst, að engum hæfum byggingamanni hefði átt að dyljast þetta misræmi við framkvæmd á þakfrágangi að innan. Forsjarmenn Volta h/f hafi tekið þennan verkþátt út úr verkinu og látið framkvæma hann og verði því Volti h/f að bera áhættuna af því, enda hafi ekki verið óskað eftir eftirliti Vinnustofunnar á þeim hluta verksins. Forsjarmenn Vinnustofunnar Klappar telja ástæðu þess, að raki komst upp í einangrun þaksins, vera þá, að óforsvaranlega hafi verið gengið frá álfólíunni, sem varna eigi rakaflæði upp, auk þess sem að áhættunni hafi verið boðið heim með því að hafa húsið lokað, á meðan stóð á múrhúðun innanhúss, og kynda mikið. Í þessu sambandi benda forsvarsmenn Vinnustofunnar sérstaklega á, að víða erlendis sé alls ekki gert ráð fyrir loftræsinu þaka, þó að hér á landi sé mælt fyrir um slíkt í byggingarsamþykktum til ýtrasta öryggis.

Þrátt fyrir ofanritað kveðast forsjarmenn Vinnustofunnar ekki skorast undan þátttöku í tjóni stefnandans, þó auðveldlega hefði mátt komast hjá því nær öllu. Þeir viðurkenna sem tjón stefnanda kr. 36.670.00 af þriðja lið dómskj. 23 og alla síðustu fjóra liðina. Þannig telja þeir heildartjón stefnanda nema kr. 41.157.58. Þeir slepptu úr tilboðsskrá, sbr. dómskj. 16, vindpappa, trélistaefni, rakavarnarlagi og efniskostnaði við breytingu á þakkanti. Þeir gera þetta, þar sem þeir telja um kostnaðarlið að ræða, sem til hefði fallið frá upphafi, hefði verið gert ráð fyrir þeim frágangi, sem nú hefur verið framkvæmdur. Hér sé því ekki um tjón að ræða. Þeir telja Volta h/f verða að bera hluta tjónsins vegna þeirra tjónsorsaka, sem fyrirtækið beri áhættuna af og lýst er hér að framan. Telja þeir þann hluta eiga að nema helmingi og fallast á, að þeir ásamt stefnda Byggingafélaginu Reyni h/f beri helming tjóns stefnanda. Áætluðum kostnaði við lokafrágang, sbr. dskj. 22, 24 og 25, mótmæla þeir alfarið. Dómskjali 24, þar sem upphæðin sé inni í viðgerðinni, og dómskjali 25, þar sem ósannað sé, að foggildran sé ekki í lagi.

Ábyrgð Byggingafélagsins Reynis h/f telja þeir byggjast á því, að forsjarmaður þess sé skráður byggingameistari hússins. Þeir telja bótaábyrgð þeirra og Byggingafélagsins Reynis vera „prórata“ að jöfnum hlutum og tjónþolinn verði að sækja þessa samningsaðilja sína hvorn í sínu lagi um þá greiðslu, sem hvorum beri að greiða, eftir að tjónsábyrgðinni hafi verið skipt (sic).

Niðurstaða forsjármanna Vinnustofunnar Klappar h/f er þannig, að þeir

eigi að bera 1/4 hluta heildartjónsins, eða kr. 10.289.40, til vara er því haldið fram af þeirra hálfu, að gagnvart stefnanda verði þeir aldrei taldir bera meira en fjórðungsábyrgð vegna þeirra tjónsatvika, sem stefnandi sjálfur beri ábyrgð á. Málskostnaðarkröfu sína byggja þeir á því, að málsókn þessi hafi verið óþörf. Á dskj. nr. 19 komi fram, að þeir hafi verið reiðubúnir til að taka sanngjarnan þátt í tjóninu, en boði þeirra hafi aldrei verið svarað. Stefnandi hefði vel getað gert upp þátt þeirra, þótt ekki semd-ist með honum og Byggingafélaginu Reynis h/f. Þá er því sérstaklega mótmælt, að Volti h/f geti krafist greiðslu á reikningum Leifs Benediktssonar verkfræðings með málskostnaði. Fyrirtækið verði sjálft að bera kostnaðinn af því, að álits verkfræðingsins var leitað. Sérstaklega er bent á, að ráð hans hafi ekki leitt til neins í málinu, þar sem sú úrbótaleið hafi verið framkvæmd, sem þeir lögðu til frá upphafi, áður en álits Leifs var leitað. Greiðslu matskostnaðar er sérstaklega mótmælt, þar sem ekki hafi verið þörf á matinu.

Af hálfu Byggingafélagsins Reynis h/f er á því byggt, að starfsmenn þess hafi ekki séð um endanlegan frágang á þakinu, enda hafi verksamningur ekki gert ráð fyrir því. Starfsmenn byggingafélagsins hafi unnið verk sitt skv. teikningum og verklýsingu og sé það reyndar staðfest í matsgerð. Þá sé ljóst, að þakið allt sé ein heild, í fyrsta lagi sá þáttur, sem starfsmenn byggingafélagsins hafi framkvæmt, og í öðru lagi lokafrágangur við þakið að innan, þ. e. einangrun og neðra lag þaksins, sem forsjármenn Volta h/f hafi látið gera, án þess að starfsmenn byggingafélagsins hafi fengið að fylgjast með því verki. Þar sem af hálfu byggingafélagsins hafi ekki verið lokið við frágang þaksins, hafi ekki mátt ætlast til af starfsmönnum þess, að þeir gerðu sérstakar ráðstafanir vegna loftræsingar. Mikil vinna hafi verið eftir við þakið, þegar þætti byggingafélagsins lauk. Eftir það hafi allar leiðir verið færar til að koma við loftræsingu án nokkurs eða lítills kostnaðar. Þeir aðiljar, sem settu upp neðri hluta þaksins, hefðu átt að sjá, að ekki var um eiginlega loftræsingu að ræða, og gera nauðsynlegar ráðstafanir. Þá sé neðri hluti þaksins ekki settur upp eins og teikningar sýni. Glerull fylli bilið frá neðri klæðningu og upp í masonitlagið, en bil hafi átt að vera við masonitlagið skv. teikningum og illa hafi verið gengið frá álþynnu neðan á einangrun, sem hafi valdið því, að raki komst upp í þakið.

Í útboðsgögnum á dskj. nr. 8 og í verksamningi, dskj. nr. 5, 8. gr., sé tekið fram, að meistarar séu ekki bundnir verkkaupa fram yfir þau verk, sem gögn þessi kveði á um, þ. e. meistarar Byggingafélagsins Reynis hafi ekki verið bundnir fram yfir það verk, sem verksamningur segi, og beri byggingafélagið því ekki frekari ábyrgð.

Teikningar og útboðslýsingar sýni ekki, hvernig loftræsing skuli vera. Á

teikningum komi að vísu fram ör, sem geti átt við loftræsinguna, en engin skýring sé á ör þessari. Hafi loftræsing átt að vera, þar sem þessi ör sé sýnd, hefði þurft að taka úr bitum og það hefði veikt þá verulega, að öllum líkindum að því marki, að óforsvaranlegt hefði verið. Hvorki forsjármenn Volta h/f né þeir aðiljar, sem höfðu eftirlit með verkinu fyrir hans hönd, hafi gert athugasemdir við frágang Byggingafélagsins Reynis á þakinu.

Af hálfu Byggingafélagsins Reynis eru sömu athugasemdir gerðar við kröfugerð stefnanda, sem fram koma af hálfu Vinnustofunnar Klappar h/f.

Fyrir dóminn hafa komið auk matsmanna forsjármenn aðilja og Leifur Benediktsson verkfræðingur.

#### *Álit dómsins:*

Samkvæmt verksamningi, dómskj. 5, tekur Byggingafélagið Reynir h/f að sér að vinna verkið samkvæmt uppdráttum og verklýsingu Vinnustofunnar Klappar h/f. Vinnustofan sá einnig um eftirlit með verkinu. Í útboðs- og verklýsingu 3.2.5. er fjallað um þak. Segir þar í 6. lið, að loftræsing þaks skuli sýnd á teikningum arkitekts. Samkvæmt matsgerð, dómskj. 11, eru matsmenn þeirrar skoðunar, að frágangur þaksins hafi í öllum aðalatriðum verið í samræmi við teikningar og verklýsingu. Þessu áleti matsmanna hefur ekki verið hnekkt.

Aðiljar eru sammála um, að gleymst hafi að loftræsa þakið. Viðurkennt er af hálfu Vinnustofunnar Klappar h/f, að sérteikningar hafi ekki verið gerðar af loftræsingunni þaksins og gleymst hafi að gera ráð fyrir henni við gerð annarra teikninga og útreikninga á burðarþoli þaksins. Nægjanlega þykir þannig komið fram, að Vinnustofan beri höfuðábyrgð á því, hvernig til tókst, þar sem mistök starfsmanna hennar verða talin undirrót vanbúnaðar þaksins.

Í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, sem í gildi var á verk tímanum, segir í niðurlagi 55. gr., að öll þök skuli loftræsa milli einangrunar og ystu klæðningar. Einmitt þarna urðu skil í verkinu, Byggingafélagið Reynir h/f hætti og aðrir tóku við. Kristján Guðmundsson byggingameistari, sem er stafsmaður Reynis, var þó enn skráður byggingameistari hússins, meðan á einangrun þaksins stóð.

Byggingafélagið Reynir h/f hafði til athugunar allar verklýsingar og teikningar varðandi þakið, en viðurkennt er, að pílur gáfu óljóst til kynna hugmyndir um útfærslu loftræsingar. Samkvæmt útboðs- og verklýsingu 2.2.7 skyldi verktaki þrátt fyrir eftirlit verkkaupa ábyrgur fyrir vinnu- og efnisgæðum og að húsið væri rétt byggt samkvæmt uppdráttum og í samræmi við gildandi byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Þegar greint ákvæði byggingarsamþykktar Reykjavíkur er skoðað og haft í huga, að loftræsing þaks er grundvallaratriði í gerð þess, verður að telja, að þeir starfsmenn

Byggingafélagsins Reynis h/f, sem ábyrgð báru á verkinu, hefðu átt að hreyfa athugasemndum og leita skýringa eftirlitsmanns um, hvernig skyldi framkvæma loftræsinguna, þar sem teikningar voru óljósar um þetta atriði, en 2.2.7 útboðs- og verklýsingar, sem samkvæmt verksamningi er hluti hans, leggur þeim slíka skyldu á herðar. Þar sem ósannað er, að byggingameistarinn eða byggingastjórinn hafi leitað þessara skýringa eða hreyft athugasemndum, þykir rétt, að Byggingafélagið Reynir beri hér hluta af tjóni Volta h/f vegna þakgallans. Þá er í þessu sambandi einnig til þess að líta, að starfsmaður byggingafélagsins, byggingameistari hússins, Kristján Guðmundsson, skráði sig ekki af verkinu, eins og honum bar samkvæmt 8. gr. verksamnings, dómskj. 5, og í samræmi við byggingarsamþykkt þá, sem í gildi var. Þá hreyfði hann ekki athugasemndum við framkvæmd annarra á innri hluta þaksins. en af henni mátti hann vita.

Stefnandi lét haida áfram gerð þaksins, og í ljós er leitt, að þykkt þeirrar einangrunar, sem hann lét setja í þakið, var ekki í samræmi við teikningar. Þetta verður þó ekki talið breyta neinu um loftræingu þaksins, eins og hér stóð á, þar sem stefndu höfðu ekki gert ráð fyrir loftræingunni. Þykir því ekki ástæða til, að stefnandi beri hluta af tjóni sínu.

Þar sem stefndu höfðu hvor um sig sjálfstæðan verksamning við stefnanda og ekkert samningssamband var þeirra í milli, þykir eðlilegt að skipta tjóni Volta h/f á milli þeirra þannig, að Byggingafélagið Reynir h/f beri 1/6 hluta tjónsins en Vinnustofan Klöpp h/f 5/6 hluta.

Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra hluta af kostnaði við lagfæringu þaksins, sem Volta h/f hefðu orðið dýrari, ef í upphafi hefði verið gert ráð fyrir þeirri loftræingu, sem lagfæringin fól í sér, þykir tjón stefnanda réttilega metið kr. 56.100.00. Hefur þá einnig verið tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við að ljúka lagfæringunni.

Upphafstíma vaxta er ekki mótmælt, og vaxtakröfu í hóf stillt, og ber að taka hana til greina af tildæmdum fjárhæðum, en dómvextir voru 46% á ári frá 1. ágúst 1980 til 1. mars 1981, 42% frá þeim tíma til 1. júní 1981, en eru nú 39%.

Rétt þykir í samræmi við niðurstöðu að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar í sömu hlutföllum og að ofan greinir. Þar með þykir eiga að dæma krafinn verkfræðikostnað Volta h/f og matskostnað, þar sem Volti h/f styður málssókn sína við álit verkfræðingins og matsgerð matsmanna, og ekki má ætlast til þess af forsjármönnum fyrirtækisins, að þeir reidi sig eingöngu við álit stefndu. Málskostnaður þykir þannig réttilega metinn á kr. 16.867.00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt og Stefáni Hermannssyni verkfræðingi.

## D ó m s o r ð:

Stefndi Vinnustofan Klöpp h/f greiði stefnanda, Volta h/f, kr. 46.750.00 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. júní 1981 af kr. 41.758.00, en af kr. 46.750.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 14.056.00 í málskostnað.

Stefndi Byggingafélagið Reynir h/f greiði stefnanda, Volta h/f, kr. 9.350.00 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. júní 1981 af kr. 8.352.00, en af kr. 9.350.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 2.811.00 í málskostnað.

Stefndu greiði ofangreindar upphæðir innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 13. desember 1983.

Nr. 128/1981. **Orlofsheimilasjóður múrara**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sýsluvegasjóði Árnassýslu**

(Sigurður Baldursson hrl.).

Vegaskattur. Lögtak.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí 1981 samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi haft uppi þá málsástæðu, að öll vegagerð um orlofssvæðið í Öndverðarnesi frá Biskupstungnabraut svo og viðhald þeirra vega hafi verið framkvæmd á kostnað landeig-